

ir það, breytir það eigi niðurstöðu málsins, þar eð síðar á að vera unnt að koma að leiðréttingu á slíku eftir því sem efni kann til að standa.

Með vísun til framanritaðs verður niðurstaðan sú, að fallist er á, að umbeðið nauðungaruppboð skuli ná fram að ganga.

Allar fjárhæðir í máli þessu eru greindar í gömlum krónum eins og í fyrra málinu, og ber að taka tillit til þess.

Uppboðsbeiðandi hefur krafist málskostnaðar, sem nemur gömlum krónum 99.487 + 816.098, samtals kr. 915.585. Á uppboðsþingi 10. f. m. og í málflutningi hefur hann lýst því, að hann lækki málskostnaðarkröfu sína í gamlar kr. 666.798. Þykir rétt að taka þá fjárhæð til greina og gera uppboðspóla að greiða uppboðsbeiðanda nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað.

Ályktarorð:

Umbeðið uppboð skal ná fram að ganga.

Uppboðspóli, Guðmundur Tómasson, skal greiða uppboðsbeiðanda, Þorvaldi Ara Arasyni hæstaréttarlögmanni, vegna handhafa téðs veðskuldabréfs skv. innheimtuframsali, nýjar krónur 6.668.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. mars 1982.

Nr. 54/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Gæsluvarðhaldsúrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1982, sem barst Hæstarétti 3. s. m. Krefst hann þess,

að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Af hálfu ákærvalds er eigi krafist staðfestingar úrskurðarins. Að svo vöxnu máli verður úrskurðurinn úr gildi felldur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. mars 1982.

Ár 1982, mánudaginn 1. mars, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var í húsakynnum embættisins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Við rannsókn meintra fíkniefnabrota nokkurra aðilja nú undanfarnar vikur voru bornar verulegar sakir á Örn Sigfússon, fæddan 27. júní 1958. Var Örn í framhaldi þar af úrskurðaður í gæsluvarðhald 6. febrúar 1982. Hefur Örn viðurkennt nokkuð af hinum meintu brotum í gæsluvarðhaldinu, en auk þess hefur Örn borið um verulegar meintar sakir umfram þær, er hið fyrra gæsluvarðhald byggðist á.

Við lögregluþyrheyrslur hefur Örn aðeins nafngreint tvo aðilja, er hann hefur selt fíkniefni, þrátt fyrir að viðurkenna að hafa selt fjölda aðilja hassefni yfir langt tímabil. Aðiljar þessir eru Hörður G. Ingólfsson, er Örn kveðst hafa selt um 576 grömm af ýmsum tegundum hassefna, og Gunnsteinn Sigurðsson, er Örn kveðst hafa selt 50 grömm af ýmsum efnistegundum.

Að öðru leyti en að ofan greinir hefur Örn ekki nafngreint aðilja, er hann hefur selt fíkniefni, þótt hann hafi margsinnis lýst því yfir bæði við lögregluþyrheyrslur og fyrir dómi, að hann útvegi fjölda manns fíkniefni.

Örn Sigfússon bar við dómsþyrheyrslu 27. febr. 1982, að hann ætti 150 grömm af ætluðu hassefni í geymslu úti í bæ. Neitaði Örn að vísa á það efni.

Örn kvað sig við áðurgreinda dómsþyrheyrslu hafa haldið erlendis í þrjú skipti á árinu 1981.

Tvö skiptin fór hann til Danmerkur og í eitt skiptið til Indlands. Dvaldi Örn um það bil 1/2 mánuð í Danmörku í hvort skipti og um einn mánuð á Indlandi.

Aðspurður kvaðst Örn ekki geta gert grein fyrir atvinnutekj-

um sínum hjá tveimur nafngreindum fyrirtækjum, er hann kvað sig hafa unnið hjá.

Aðspurður um aðilja, er lánað hafa fjármuni til að standa straum af kostnaði við þrjár utanferðir á liðnu ári, kvað Örn sig ekki nafngreina neina í því sambandi.

Við lögreglugyfirheyrslu 12. febr. 1982 kvað Örn sig hafa fengið send í einni sendingu þrjú kíló af hassi hingað til lands. Um var að ræða 1 kíló af svokölluðu Marokkóhassi, 1 kíló af Líbanonhassi og 1 kíló af svörtu hassi.

Við dómsyfirheyrslu 27. febr. 1982 staðfesti Örn greindan innflutning og kvaðst hafa greitt kr. 30 þús. fyrir efnið. Ekki gerði Örn grein fyrir, hvaðan efnið væri sent. Kvaðst Örn hafa selt um það bil 1 kíló, og 2 kíló fóru að sögn í gjafir og til eigin neyslu.

Nokkrir aðiljar haf borið um fíkniefnasölu Arnar Sigfússonar frá Laugavegi 43, Reykjavík, og einn aðili kvað Örn hafa selt frá Brautarholti 22 hér í borg. Hefur Örn neitað síðastgreindum sakargiftum.

Örn hefur viðurkennt að hafa komið með til landsins úr áðurgreindri Indlandsferð um 25—45 grömm af hassolíu. Róbert Rósmann Guðjónsson, er fór með Erni í greinda för, hefur borið um mun meiri innflutning Arnar úr þeirri ferð, eða nánar, að þeir hafi á Indlandi keypt um 2.2—2.4 kíló af hassi og breytt í hassolíu. Úr því komu að sögn Róberts um 270—280 grömm af hassolíu. Kvað Róbert sig hafa gleypt um 130 grömm af efninu, sem komið var fyrir í getnaðarverjum, og hafi Örn gleypt afganginn af efninu.

Þuríður Izzat Sævarsdóttir var yfirheyrð sem vitni hjá lögreglu 27. febr. 1982. Kvað hún sig þá hafa séð um 200 grömm af hassolíu hjá Erni Sigfússyni úr greindri Indlandsferð. Var efnið hjá Erni geymt í getnaðarverjum.

Loks hafa Hörður G. Ingólfsson og Atli St. Bjarnason borið um verulega meiri innflutning Arnar úr greindri ferð en fram hefur komið hjá Erni.

NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt því, er að ofan hefur verið rakið, er meint sök Arnar Sigfússonar varðandi meðhöndlun fíkniefna veruleg. Er um að ræða kaup og innflutning fíkniefna, sölu, afhendingu (gjafir) og milligöngu um útvegum fíkniefna.

Ekki hefur verið gerð grein fyrir fjármögnun þriggja utanferða á liðnu ári.

Kaup Arnar á þremur kílóum af hassi á liðnu ári fyrir 30 þús. krónur eru enn á rannsóknarstigi, en söluandvirði þeirra hér á landi mun vera nálægt 600 þúsund krónum í dag.

Örn Sigfússon hefur verið mjög ósamvinnuþýður á gæsluvarðhaldstímabili því, er nú er að lokum komið. Verður að skoða gang rannsóknarinnar með það í huga.

Verið er að rannsaka meint brot á lögum 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Getur hin meinta sök Arnar Sigfússonar, ef sönnuð þykir, varðað hann fangelsisrefsingu. Samkvæmt því þykja ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Rannsókn máls þessa er komin nokkuð á veg, en hefur tafist nokkuð vegna þess, hversu ósamvinnuþýður Örn Sigfússon hefur verið. Ljóst er, að yfirheyra þarf fjölda manns, er málinu kunna að tengjast og kunna að geta varpað ljósi á meint fíkniefnamisferli Arnar Sigfússonar. Þykir því rannsóknarinnar vegna óheppilegt, að Örn Sigfússon gangi laus að svo stöddu.

Með vísan til alls ofanritaðs svo og með vísan til 1. mgr. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni beiðni lögreglu um framlengingu gæsluvarðhalds yfir Erni Sigfússyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn til 17. mars 1982, kl. 1130.

Úrskurðarorð:

Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 17. mars 1982, kl. 1130.